

11. mars 1976.

85

Nr. 57.

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fram fara sunnudaginn 27. júní 1976.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna, en mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr **Sunnlendingafjórðungi** (V.-Skaftafellssýslu—Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 1070 meðmælendur, en mest 2140.

Úr **Vestfirðingafjórðungi** (Mýrasýslu—Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 120 meðmælendur, en mest 240.

Úr **Norðlendingafjórðungi** (V.-Húnavatnssýslu—S.-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 215 meðmælendur, en mest 435.

Úr **Austfirðingafjórðungi** (N.-Þingeyjarsýslu—A.-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 95 meðmælendur, en mest 185.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36/1945, sbr. lög nr. 39/1963, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðuneytið, 11. mars 1976.

Geir Hallgrímsson.

Guðmundur Benediktsson.

5. mars 1976.

Nr. 58.

REGLUGERÐ

um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

Hrognkelsaveiðar á bátum, sem eru stærri en 8 brúttórúmllestir, eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Í umsókn um slík leyfi skal tilgreina nafn, einkennisstafi og stærð báts og nafn skipstjóra. Þá skal og greint frá því hvort viðkomandi skipstjóri hafi áður stundað hrognkelsaveiðar og þá hvar og hve lengi. Einnig skal skýrt frá því hvort hrognkelsaveiðar hafi áður verið stundaðar á viðkomandi bát og þá einnig hvar og hve lengi.

B 11